



## Kirkjutónlistarmenntun til framtíðar

**Samantekt: Kristinn Örn Kristinsson**

### **Inngangur**

Tónlistarmenntun hefur fleygt fram á Íslandi síðustu áratugi. Tónlistarskólum hefur fjölgað og menntun tónlistarkennara hefur batnað. Framboð góðs tónlistarefnis og tónleika hefur aukist og gæðin eru jafnbetri en áður var. Um leið gerir almenningur smátt og smátt meiri kröfur til opinbers tónlistarflutnings. Þessi þróun sést einnig í kirkjum landsins, víða má marka aukinn metnað í flutningi stærra kirkjulegra verka, góðum hljóðfærum í kirkjum fjölgar. Þessi þróun er hraðari í þéttbýlum og fjölmönnum sveitarfélögum, þar eru meiri möguleikar og þangað sækir best menntaða tónlistarfólkið. En breytinganna gætir þó æ víðar, óðum er að hverfa hin nánast sjálfmenntaða stétt organista sem oft þjónaði sinni kirkju ævilangt, jafnvel launalaust.

Enn eimir þó eftir af angan fortíðar, stundum virðast aðeins gerðar þær kröfur að tilvonandi organistar geti leikið einföldustu sálmaútsetningar. Dæmi eru um að tónlistarfólk með aðra menntun eða reynslu hefur verið tekið fram yfir kirkjutónlistarmenntaða umsækjendur. Þó virðist þetta vera að breytast.

Þá verður þess um leið vart að nemendur sem ekki hafa hafa hirt um að ljúka námi á árum áður sjái að sér.

Sér á báti eru aðstæður víða á landsbyggðinni þar sem engir organistar fást, hver sá sem einhverntíma hefur lært lítilla á píanó er gripinn fegins hendi. Sömuleiðis eru erlendir lágfiðluleikarar, blásarar og harmonikkuleikarar dubbaðir upp til organista. Sá galli fylgir oft því hámenntaða tónlistarfólki að það hverfur að vori og er burtu allt sumarið.

## Tónskóli Þjóðkirkjunnar

Ofangreindar aðstæður hafa endurspeglast í starfsemi Tónskóla Þjóðkirkjunnar. Hlutverk skólans hefur bæði verið að mennta framtíðarorganista en einnig að hjálpa þeim sem þegar eru í starfi sem organistar, það er að sinna endurmenntun og símenntun, og aðstoða þá sem ekki hafa átt kost á fullri menntun til starfsins.

Taka hefur þurft tillit til ólíkra aðstæðna og ólíkra þarfa við námskrágerð og inntöku nemenda og því er nemendahópur mjög breiður og fjölbreyttur. Þar af leiðir að nemendur við Tónskóla Þjóðkirkjunnar eru með ólíkan bakgrunn og ólíka reynslu og á ýmsum aldri. Þannig eru sumir nemendur tilbúnir til náms á háskólastigi, en aðrir ekki. Sumir nemendur eru hæfir til háskólanáms í bóklegum greinum en ekki í verklegum greinum. Aðrir nemendur eru komnir með háskólagráðu í tónlist áður en þeir hefja nám við Tónskóla Þjóðkirkjunnar. Þannig er hluti náms við Tónskóla Þjóðkirkjunnar á háskólastigi, en hluti þess ekki. Í dag eru 5 af 20 orgelnemendum skólans metnir á háskólastig, samkvæmt viðmiðum Hagstofu Íslands.

Vegna þess hve lítill nemendahópurinn er hefur nánast þurft að klæðskerasauma námsframvindu hvers og eins; má segja að þar fari einstaklingsmiðað nám!

Unnið var að gerð nýrrar námskrár frá árinu 2001, sem hefur þróast áfram síðustu ár. Námskráin er miðuð við tvo áfanga, sem eiga að svara mismunandi þörfum kirkjunnar: Kirkjuorganistapróf fyrir minni kirkjur með lítil orgel eða harmoníum, og kantorspróf til undirbúnings fyrir stærri söfnuði þar sem eru viðameiri hljóðfæri. Upphaflega var gengið út frá að fyrri áfanginn gæti tilheyrt framhaldsskólastiginu, en sá síðari háskólastiginu. Þetta fyrirkomulag tvískiptingar hefur reynst vel, enda hliðstætt því sem víða er annarstaðar og reynsla er fyrir. En ýmsar breytingar hafa orðið síðari ár, bæði á námskrám tónlistarskóla á framhaldsskólastigi svo og æðri tónlistarmenntun. Nýlega hafa tekið gildi samræmdar námskrár tónlistargreina, sem kenndar eru í almennum tónlistarskólum, nú síðast námskrá tónfræðigreina. Með tilkomu Listaháskóla Íslands breyttist hlutverk Tónlistarskólans í Reykjavík. Áður tóku margir nemendur Tónskólans kennarapróf (tónmennta- eða píanókennarapróf) við Tónlistarskólann í Reykjavík, en nú hafa kennaradeildir þar verið lagðar niður.

Að undanfögnu hefur verið unnið að því að finna kirkjutónlistarmenntuninni stað í menntakerfinu. Menntamálaráðuneytinu hefur verið sent erindi og haldnir hafa verið fundir með starfsfólki ráðuneytisins þar sem námskrá Tónskólans hefur verið kynnt. Tilgangur fundanna var meðal annars að fá námið viðurkennt sem láns hæft hjá Lánasjóði Íslenskra

námsmanna. Til þess að svo megi verða þarf annað hvort viðurkenningu á að námið sé á háskólastigi, eða fá það viðurkennt sem starfsnám í framhaldsskóla. Hið fyrra hefur ekki reynst vandamál hvað varðar kantorsnámið, en varðandi starfsnámið kom í ljós að það væri of flókið ferli. Ráðuneytið taldi eðlilegra að fella námið að listnámsbrautum framhaldsskólanna.

Í kjölfarið var haldinn fundur með námskrárnefnd tónlistarskóla og var niðurstaða þess fundar að ekki væri þörf að bæta við námskrár, sérgreinar Tónskólans gætu fallið undir valgreinar listnámsbrauta, eins og þær eru skilgreindar í nügildandi námskrám.

Ekkert er því til fyrirstöðu að framhaldsskólar geti metið grunnám við Tónskóla Þjóðkirkjunnar á listnámsbraut, viðurkenning Menntamálaráðuneytisins á skólanum til þess er nánast aðeins formsatriði. Þá er verið að tala um miðpróf á orgel að loknu miðprófi á píanó, og framhaldspróf í tónfræðigreinum, ásamt hugsanlega öðrum greinum Tónskólans sem valgreinum. Aðrir tónlistarskólar geta að sjálfsögðu séð um þetta grunnám svo fremi sem orgelkennsla sé fyrir hendi.

Fyrir þá sem ljúka slíku þriggja ára námi á listnámsbraut væri hægt að bjóða viðbótarár við Tónskólann til réttinda kirkjuorganistaprófs. Þar yrði um að ræða fullt nám í einn vetur, 30 eininga nám. Þetta er nokkur breyting frá fyrri útfærslum námsins. Reynsla okkar af nemendum á framhaldsskólastigi rennir stoðum undir þessa hugmynd, því þeir hafa ekki alltaf haft nægilegan þroska til að takast á við ýmsar þær bóklegu greinar sem kenndar eru við Tónskólann.

Þá vaknar sú spurning hvort Tónskólinn eigi áfram að sjá um miðnám í orgelleik á höfuðborgarsvæðinu, eða hvort miðpróf í orgelleik verði gert að inntökuskilyrði til náms við Tónskólann, og aðrir tónlistarskólar verði fengnir að taka við kennslu til miðprófs. Vel mætti kanna það mál nánar. Fyrir kirkjuna hefur það þann kost, ef aðrir skólar taka við, að þá er búið að varpa auknum kostnaði yfir á samfélagið. Á hinn bóginn er ekki ljóst að óathuguðu máli hvort að tónlistarskólar vilji fá til sín orgelnemendur, víðast eru biðlistar eftir námsvist og kvóti frá hendi sveitarfélaga. Sá möguleiki hefur verið ræddur að fela Tónlistarskólanum í Reykjavík þetta hlutverk.

Þá kemur upp sú spurning hvort að önnur sveitarfélög styrki nemendur sína til náms þar, og hvort staðið verði við hugmyndir um að greiða ekki niður kennslukostnað eftir ákveðinn aldur. Sveitarfélögin vilja reyndar velja kostnaði við nemendur á framhaldskólaaldri yfir á ríkið. Það er einmitt sá aldur sem við erum að tala um hér. Mun ríkið aðeins samþykkja greiða kostnað ef nemandinn nýtir námið til eininga í framhaldsskóla eins og er samkvæmt bráðabirgðasamkomulagi? Þessi mál eru sem stendur í mikilli óvissu sem ekki sér fyrir

endann á. Bent skal á að það hefur augljósa kosti ef grunnnám í orgelleik er á einni hendi, þar sem orgelnemendur fá þá stuðning hver af öðrum.

Ef hugmyndir um breyttar inntökukröfur Tónskólans, þannig að krafist verði lokaprófs af listnámsbraut (miðpróf í píanóleik og orgelleik, framhaldstig tónfræðigreina) koma til framkvæmda, þá er um leið hægt að fara fram á að fullt nám við Tónskólann verði metið til háskólastigsins.

### **Hvað höfum við?**

Við Tónskóla Þjóðkirkjunnar höfum við kennara sem hafa metnað í starfi og menntun til að sinna kennslu á háskólastigi. Núverandi námskrá gerir ráð fyrir þriggja ára samfelldu námi í kórstjórn og litúrgísku orgelspili, en áhersla var á að auka kröfur í þeim greinum í nýrri námskrá frá 2001. Það hefur tekist smátt og smátt og dýrmæt reynsla orðið til. Kröfur við lok þessarar áfanga gera ráð fyrir hæfni til að stjórna stærri verkum fyrir kór og hljómsveit og að geta spunnið tónverk í stærri formum. Margir gestakennarar hafa verið fengnir til námskeiðahalds, má þar nefna Matthias Wager og Anders Eby sem báðir kenna við Tónlistarháskólann í Stokkhólmi, Hans Olla Eriksson, David Sanger og fleiri. Þessar heimsóknir hafa verið í góðu samstarfi við Listvinafélag Hallgrímskirkju og hafa þær hjálpað til að bæta gæði námsins. Samstarf er við Háskóla Íslands um kennslu í litúrgískum fræðum, en þar sækja orgelnemendur og guðfræðinemendur sameiginlega tíma. Tekið hefur verið upp kennslumat og hefur þátttaka nemenda verið mjög góð í því.

### **Hvað vantar?**

Í framhaldi af þessu er rétt að skoða fyrst hvað vantar upp á núverandi námskrá til að hún lýsi heildstæðu háskólanámi í tónlist. Í fyrsta lagi vantar allar almennar tónfræðigreinar á háskólastigi. Miðað við þær kröfur sem nú eru gerðar í kórstjórn og litúrgískum orgelleik, má leiða líkum að því að aukna þjálfun í tónheyrn, hljómfraeði og kontrapunkti vanti. Einnig væri eðlilegt að innleiða námskeið í kórbókmenntum og orgelbókmenntum, sem hluta af kirkjutónlistarsögu. Sem stuðningur við kórstjórnarnám væri námskeið í raddskrárleik æskilegt, einnig hljóðfærafræði. Auka þarf kröfur í orgelleik upp fyrir framhaldsprófið, til að nemendur hafi næga tæknilega færni fyrir þriðja áfanga í litúrgískum orgelleik. Einnig þarf að skilgreina enn betur inntökukröfur á öllum sviðum.

Vinna þarf samkvæmt Bolognaferlinu.\* Launamál kennara þarf að skoða í samræmi við auknar kröfur.

Bent skal á að mjög margir þeirra sem hafa tekið kantorspróf við Tónskólann undanfarin ár hafa einnig tekið lokapróf (t.d. píanókennarapróf eða tónmenntakennarapróf) frá Tónlistarskólanum í Reykjavík. Þar hafa tónfræðigreinar verið kenndar á háskólastigi og gefið nemendum nauðsynlegan grunn samhliða námi við Tónskólann. Þessi staða hefur nú breyst, með því að kennaradeildir eru aflagðar. Sú þekking sem kantorar fengu áður þar verður framvegis einungis veitt í Listaháskóla Íslands.

Þess má geta að nokkrir núverandi nemar Tónskólans hafa þegar hafa þegar lokið háskólaprófum í tónlist.

### **Framhaldið**

Til þess að fjármunir sem lagðir eru í skólann nýtist enn betur þarf að stuðla að því að nemendur geti helgað sig náminu óskiptir. Of margir nemendur hafa horfið frá námi eða verið lengur við nám en æskilegt er vegna mikils vinnuálags.

Miðað við aðstæður á okkar litla landi, má telja bjartsýni, að búast við að hægt sé að halda uppi sérstakri háskóladeild fyrir kirkjutónlist. Með samstarfi Tónskólans og Listaháskólans, og auknu samstarfi við Háskóla Íslands og Skálholtsskóla, er mögulegt að bjóða upp á háskólanám í kirkjutónlist, og nýta þau samlegðaráhrif sem samvinna ólíkra stofnana hefur í för með sér.

Til að útskýra þetta betur má nefna sem dæmi að námskeið Tónskólans í kórstjórn tekur þrjú ár. Þar er fólk sem búið er með BA gráðu og er að bæta við sig kirkjutónlist, þar er yngra fólk í starfsnámi organista, en einnig starfandi kórstjórar sem sækja sér endurmenntun. Þetta gerir okkur kleift að vera með 10 manna hóp, sem myndað getur lítinn kammerkór sem nemendur æfa sig í að stjórna. Að kenna kórstjórn með tveim nemendum væri hins vegar örðugt, þá vantar kór til að verklegra æfinga. Samstarf við fleiri skóla gæti aukið þessi samlegðaráhrif (Þess má geta að útskriftarnemar í einsöng frá Nýja tónlistarskólanum hafa sótt kórstjórn til Tónskólans).

---

\* Bolognaferlið miðar að hágæðaháskólasamfélagi í Evrópu þar sem lögd er áhersla á samræmdar prófgráður og hreyfanleika nemenda og kennara (sjá nánar: <http://sparten.hi.is/id/1008465>).

Þannig er hægt að búa til fleiri valmöguleika fyrir nemendur. Samstarf við Listaháskólinn gæti aukið fjölbreytni í námsframboði beggja skólanna. Um leið styrkjast tengsl Listaháskólans út í þjóðfélagið, sem er yfirlýst stefna þess skóla.

Niðurstaðan er í stuttu máli þessi:

1. Skilgreina þarf framtíðarleiðir fyrir efnilegt tónlistarfólk sem vill feta leið kirkjutónlistarnáms, út frá þeim grunni sem við höfum, en líka á viðurkenndu háskólastigi í samstarfi við Listaháskólann
2. Vekja þarf áhuga á orgelnámi fyrir á ferli nemenda þannig að miðpróf á orgel geti orðið forsenda frekara náms. Tónlistarnemendur á háskólastigi verða ekki til af sjálfu sér. Þar þarf traustan grunn til að byggja á. Skiptir þar höfuðmáli traust fagleg kennsla og örvandi umhverfi á unglingsárunum. Það er því framtíðarverkefni að hvetja nemendur til að hefja orgelnám fyrir en nú er og hlúa að umhverfi þess náms. Til þess þarf að finna leiðir.

## **Tillögur um framboð náms við Tónskóla Þjóðkirkjunnar**

### *Undirbúningsnám*

Listnám á framhaldskólastigi (listnámsbraut, þriggja ára nám)  
Getur farið fram í Tónskóla Þjóðkirkjunnar eða öðrum Tónlistarskólum.  
Lokakröfur tvö miðpróf, píanó og orgel, framhaldspróf í tónfræðagreinum.  
Valgreinar. Söngnám og kórreynsla æskileg.

### *Nám til Kirkjuorganistaprófs*

Eins árs nám á háskólastigi eftir lok listnámsbrautar eða stúdentspróf.  
30 eininga fullt nám, láns hæft.

### *Kantorsnám*

Þriggja ára nám á háskólastigi, (tvö ár til viðbótar kirkjuorganistaprófi) 90 eininga fullt nám, láns hæft.  
Inntökuskilyrði stúdentspróf, eða lok listnámsbrautar (miðpróf á orgel og píanó, framhaldspróf í tónfræðigreinum)  
Kanna hvort hægt sé að bjóða fjögurra ára nám til B-mus gráðu í samstarfi við LHÍ

### *Deild endurmenntunar - nám með vinnu*

Hámark 6 einingar á önn m.v. 100% vinnu. Hægt að safna einingum til kirkjuorganistaprófs eða kantorsprófs. (Nemendur greiða hlutfallslega hærri hluta kostnaðar) Hér undir fellur einnig sérnám í kórstjórn.

**Kirkjuorganistapróf**

Eftir nám á listnámsbraut - stúdentspróf

		Ein.		ALLS	
<b>Kjarni (Vinnustofur)</b>					
ORG	Orgel	8			
SÖN	Söngur	2			
PNO	Píanó	2			<b>12</b>
<b>Verklegar greinar TP</b>					
HBL-101	Hljómborðsleikur -Tölusettur bassi I	1			
HBL-121	Hljómborðsleikur - bókstafahljómar I	1			
LTO-104	Litúrgískur orgelleikur I	4			
KÓS-104	Kórstjórn I	4			<b>10</b>
<b>Bóklegar greinar TP</b>					
KFR-101	Kirkjufræði A - Bibliufræði	1			
KFR-201	Kirkjufræði B - Trúfræði	1			
KFR-301	Kirkjufræði C - Kirkjufræði	1			
KSF-101	Kirkjusöngfræði I - Grunnur	1			
KSF-301	Kirkjusöngfræði III -Tónbókmenntir	1			
OFR-102	Orgelfræði - Bóklegt/verklegt	2			<b>7</b>
<b>Valgreinar</b>		1			<b>1</b>
		<b>30</b>			

1. ár	
1.önn	2. önn
4	4
1	1
1	1
1	
	1
2	2
2	2
1	
	1
1	
	1
	2
1	

15	15
----	----

Hér fyrir ofan er uppsetning á kirkjuorganistaprófi sem er eins og í núverandi námskrá nema hvað hér er reiknað með að miðpróf á orgel sé að baki við upphaf náms og einnig er bætt við orgelfræði sem áður tilheyrði kantorsprófi.

Á næstu síðu er kantorsprófið sett upp sem 90 eininga nám. Þessi uppsetning er nokkuð breytt frá núverandi námskrá. Hún er miðuð við að nemandi hafi áður lokið grunnháskólanámi. Píanónám er tekið út sem skylda, við bætast áfangar í kórbókmenntum og orgelbókmenntum. Merktar með grænu eru námskeið sem hægt væri að meta út frá stöðuprófum.

**Kantorspróf - 90 eininga nám (Diploma)**

Kjarni		Ein	ALLS	1. ár		2. ár		3. ár		
				1.önn	2. önn	1.önn	2.önn	1.önn	1. önn	
ORG	Orgel	24		4	4	4	4	4	4	
SÖN	Söngur og raddþjalfun	6	<b>30</b>	1	1	1	1	1	1	
<b>Verklegar greinar</b>										
HBL-101	Hljómborðsleikur - Tölusettur bassi I	1		1						
HBL-201	Hljómborðsleikur - Tölusettur bassi II	1			1					
HBL-121	Hljómborðsleikur - bókstafahljómar I	1		1						
HBL-221	Hljómborðsleikur - bókstafahljómar II	1			1					
HBL	<i>Partiturspil</i>	1				1				
LTO-103	Litúrgískur orgelleikur I	4		2	2					
LTO-204	Litúrgískur orgelleikur II	4				2	2			
LTO-306	Litúrgískur orgelleikur III	6						3	3	
KÓS-104	Kórstjórn I	4		2	2					
KÓS-204	Kórstjórn II	4				2	2			
KÓS-306	Kórstjórn III	6	<b>33</b>					3	3	
<b>Bóklegar greinar</b>										
KFR-101	Kirkjufræði A - Bibliufræði	0								
KFR-201	Kirkjufræði B - Trúfræði	1			1					
KFR-301	Kirkjufræði C - Kirkjufræði	1		1						
KSF-101	Kirkjusöngfræði I - Grunnur	2		2						
KSF-301	Kirkjusöngfræði III - tónlist messunnar	1		1						
KSF-402	Litúrgísk fræði I Sálmafræði I (HÍ)	2				2				
KSF-502	Litúrgísk fræði II Liturgia (HÍ)	2					2			
KSF-604	Sálmafræði II	4						2	2	
KSF-704	Gregorsöngur	4						2	2	
OFR-102	Orgelfræði - Bóklegt	2		2						
OFR-201	Orgelfræði - Verklegt	1				1				
OLIT	Orgellitteratúr	1		1						
KLIT	Kórlitteratur	1				1				
KTS-102	Kirkjutónlistarsaga	2	<b>24</b>				2			
<b>Valgreinar og námskeið</b>				3			2	1		
				<b>90</b>	15	15	15	15	15	15

## Samstarf við Listaháskóla Íslands

Sú hugmynd að stefna að samstarfi við væntanlegan Listaháskóla er gömul og var viðruð fyrst löngu fyrir stofnun hans, eða 1994. Strax árið 2001 hélt skólastjórn fund með stjórnendum Listaháskólans til að ræða samstarf. Skólastjóri lagði fram hugmyndir á þeim tíma um hvernig kúrsar Tónskólans gætu fallið að námi Listaháskólans. Ekki var fjallað nánar um þær hugmyndir og engar frekari viðræður. Skólastjóri leitaði síðan til Listaháskólans að nýju vorið 2005 með valgreinaskipti fyrir augum. Ekki þótti ástæða til að gera samning þaraðlútandi, þar sem aðeins var um þrjá nemendur að ræða, og á endanum var aðeins einn nemi sem nýtti sér tilboðið vegna stundaskráerfiðleika. Sami nemi tók einnig valgrein við Tónlistarskóla FÍH.

Auk þess að ræða valgreinar lagði ég eftirfarandi minnisþunkta fyrir rektor með framtíðina í huga.

- Nemendur í Listaháskólanum geti stefnt að kirkjuorganistaréttindum með vali í samstarfi við Tónskóla Þjóðkirkjunnar.
- Til þess hæfir nemendur í Tónskóla Þjóðkirkjunnar eigi þess kost í samvinnu við Listaháskólann að stefna að háskólagráðu í kirkjutónlist.

Sömuleiðis hefur eftirfarandi erindi verið sent Menntamálaráðuneytinu:

- Við óskum eftir að fá viðurkenningu hjá Menntamálaráðuneytinu á námsbraut skólans til kantorsnáms þannig að hún verði lánshæf hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna. Ef einhverjir meinbugir finnast á því óskum við eftir samstarfi við ráðuneytið um að svo geti orðið í náinni framtíð.
- Við óskum einnig eftir viðræðum um að raunhæfur framtíðarmöguleiki verði fyrir nemendur að geta lokið fyrstu háskólagráðu í kirkjutónlist með samvinnu Tónskólans og Listaháskóla Íslands.
- Okkur langar einnig að fá formleg viðbrögð við því hvort hægt sé að meta hluta námsins (kirkjuorganistapróf) til starfsnáms á framhaldsskólastigi í samvinnu við framhaldskólana og þjóðkirkjuna.

Síðan hefur kom frumkvæði frá Kirkjuþingi 2005 en þar lét fjárhagsnefnd kirkjuþings færa eftirfarandi tillögu til bókar:

Kirkjuráð beiti sér fyrir frekari skoðun og endurskipulagningu á Tónskóla Þjóðkirkjunnar með það í huga að kanna möguleika á þjónustusamningi við Listaháskóla Íslands.

### **Röksemdir**

Listaháskólinn hefur það hlutverk að sjá um menntun í tónlist á háskólastigi. Ekki stendur til að bæta við fleiri háskólum samkvæmt upplýsingum Menntamálaráðuneytisins.

Samstarf getur opnað ýmsa möguleika. Til að geta notið styrkja til kennara- og nemendaskipta Erasmus áætlunar Evrópusambandsins þarf samstarf við viðurkenndan háskóla. Nemendur hefðu fleiri valkosti, og möguleika á að ljúka námi með viðurkenndri háskólagráðu. Um leið opnast betri möguleikar nemenda um að nám sé metið á milli landa, samkvæmt markmiðum Bolognaferlisins.

Kostir fyrir LHÍ gætu verið auknir valkostir nemenda. Nemendur LHÍ gætu nýtt valgreinar í Tónskóla Þjóðkirkjunnar, t.d. kórstjórn eða hljómborðsleikni. Það ætti að vera eftirsóknarvert fyrir nemanda sem tekur BA nám við LHÍ að geta í leiðinni náð sér í réttindi til organistastarfs við minni kirkjur, þar sem það eykur atvinnumöguleika. Þá er áherslan á fjölbærni í stað sérhæfingar, sem kemur sér vel fyrir strjálbýlli byggðarlög. Síðan minni ég á 10. greinina í starfsreglum LHÍ en samstarf við Tónskóla Þjóðkirkjunnar samrýmist henni vel!

Listaháskóli Íslands og einstakar deildir hans skulu hafa samráð og samstarf við aðra háskóla til að nýta sem best tiltæka starfskrafta og gagnakost og stuðla með hagkvæmum hætti að fjölbreyttari menntunarkostum í samræmi við lög nr. 136/1997. Í því skyni skulu samstarfsaðilar m.a. setja framkvæmdareglur um gagnkvæma viðurkenningu námsþátta. Skólinn skal jafnframt leita eftir því að gera samstarfssamninga við aðrar stofnanir, sem tengjast starfssviði hans.

Listaháskóli Íslands er eini háskóli landsins sem samkvæmt lögum sinnir tónlistarkennslu á háskólastigi. Við viljum stuðla að því að efnilegir nemendur í kirkjutónlist geti einnig stundað háskólanám hér á landi, rétt eins og aðrir nemendur eiga nú kost á háskólanámi í tónsmíðum, söng eða hljóðfæraleik. Við erum lítil þjóð og þurfum að vinna saman. Viðfangsefni Tónskóla Þjóðkirkjunnar er að miklum hluta

starfsemi sem á heima innan háskóladeilda. Við teljum ekki að Tónskólinn geti orðið fullgild háskólastofnun, né heldur að Listháskólinn einn sér geti stofnað kirkjutónlistardeild. Til þess er fámennið of mikið. En með náinni samvinnu þessarar tveggja stofnana, og fleiri aðila, opnast ýmsir möguleikar.

Aðalatriðið er að við getum boðið þeim nemendum sem hafa til þess hæfileika og áhuga að ná þeirri sérþekkingu sem þjóðfélaginu gagnast, að við nýtum þá starfskrafta og þekkingu sem fyrir hendi er. Hagsmuni þeirra nemenda sem vilja leggja stund á alvarlegt nám í kirkjutónlist ber að virða, um leið fara þeir hagsmunir saman við hagsmuni væntanlegs vinnuveitanda og þjóðfélagsins alls.

Spurningin sem við þurfum að svara núna er: Vilja báðir aðilar samvinnu og á hvaða grundvelli? Ýmis ljón geta orðið í veginum, svo sem stundaskrárvandamál og kostnaðarskipting, en þau mál þarf að leysa þegar sá tími kemur.

### **Aðrir valmöguleikar?**

Mögulegt er að auka samstarf við aðrar stofnanir sem hafa kennt upp á háskólastig, án formlegrar viðurkenningar. Þar má nefna Tónlistarskólann í Reykjavík, Tónlistarskóla FíH og Söngskólann í Reykjavík. Einnig er sjálfsagt að efla samstarf Tónskóla Þjóðkirkjunnar og kirkjutónlistarsviðs Skálholtsskóla.

### **Nánari útfærsla**

Útfærsla samstarfs gæti orðið eitthvað á þessa leið:

Þeir sem yrðu á viðurkenndri háskólabraut í samstarfi við Listháskólann taka inntökupróf við Listháskólann. Eftirlitshlutverk með áföngum Tónskóla Þjóðkirkjunnar yrði í höndum Menntamálaráðuneytisins, þar sem það hefur eftirlit með gæðum kennslu á háskólastigi.

Kostnaðarskipting gæti verið á þá leið að Listháskólinn greiði verkstæðisáfangi, einkakennslu á aðalhljóðfæri, aukahljóðfæri og tónfræðagreinar. Tónskólinn greiði fyrir sérgreinar Tónskólans og þær verklegu greinar sem Tónskólinn hefur reynslu af (t.d. litúrgískt orgelspil, hljómborðsleikur, kórstjórn)

Kostir við þetta fyrirkomulag er að Tónskólinn heldur sínu sjálfstæði til fulls og nýtir þá reynslu sem til hefur orðið innan stofnunarinnar. Einnig er ekki um svo verulegar breytingar á kostnaði hjá hvorri stofnun um sig að það þurfi að torvela samningagerð. Vissulega er búið að velta nokkrum kostnaði yfir á ríkið í gegnum Listháskólann, en ekki

er fyrirsjáanlegt að um marga nemendur verði að ræða. Listaháskólinn er nýbúinn að gera samning við ríkið til næstu fimm ára, því er væntanlega örðugt að sækja aukið fjármagn í þá átt fyrr en að þeim tíma liðnum.

Á það ber að líta að engin sérstök ástæða er til þess að kirkjan borgi ein tónlistarmenntun sinna starfsmanna, (rétt eins og ef sinfónían greiddi menntun sinna starfsmanna, óperan menntun söngvara o.s.frv.) nema ef vera skyldi að hún vilji hafa áhrif á innihald hennar og gæði, umfram það sem hún getur tryggt hjá öðrum stofnunum. Það vill hún raunar, þess vegna er líka eðlilegt að hún leggi til fjármuni. Á sama tíma má minna á að tónlistarstarf í kirkjum leggur mikið til samfélagsins almennt og margir aðilar koma þar að, bæði tónskáld og flytjendur.\*

---

\* Sjá kafla um kirkjutónlist í: *Hagræn áhrif tónlistar*, Ágúst Einarsson, Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, 2004. Sjá einnig: *Menningarlíf og tónlistarstarf í Hallgímskirkju í ljósi hagfræðinnar*, Jón Pálsson og Björn Árni Ólafsson, Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, haust 2005.

**Möguleg uppsetning kirkjutónlistarnáms í samvinnu við LHÍ**

Hér eru tvær tillögur að uppsetningu náms í samstarfi LHÍ og Tónskólans. Sú fyrri reiknar með að hægt sé að ljúka kirkjuorganistaprófi með vali á almennri tónlistarbraut LHÍ til B.A. gráðu. Sú síðari reiknar með námi til B.Mus gráðu og kantorsprófs. Til að það sé mögulegt þarf fjögurra ára nám.

**B.A. Almenn tónlistarbraut LHÍ (90 einingar)****Valgreinar til kirkjuorganistaprófs.** Ein. **ALLS**

Kjarni (Vinnustofur)			
ORG	Orgel	18	
SÖN	Söngur	6	
PNO	Píanó	6	<b>30</b>
Verklegar greinar TP			
HBL-101	Hljómborðsleikur -Tölusettur bassi I	1	
HBL-201	Hljómborðsleikur -Tölusettur bassi II	1	
HBL-121	Hljómborðsleikur - bókstafahljómar I	1	
HBL-221	Hljómborðsleikur - bókstafahljómar II	1	
LTO-103	Litúrgískur orgelleikur I	4	
LTO-204	Litúrgískur orgelleikur II	2	
KÓS-104	Kórstjórn I	4	<b>14</b>
Bóklegar greinar TP			
KFR-101	Kirkjufræði A - Biblíufræði	1	
KFR-201	Kirkjufræði B - Trúfræði	1	
KFR-301	Kirkjufræði C - Kirkjufræði	1	
KSF-101	Kirkjusöngfræði I - Grunnur	2	
KSF-301	Kirkjusöngfræði III -Tónbókmenntir	1	
OFR-102	Orgelfræði - Bóklegt	2	
OFR-201	Orgelfræði - Verklegt	1	
KTS-102	Kirkjutónlistarsaga	1	<b>10</b>
<b>Valgreinar</b>		<b>7</b>	<b>7</b>
<b>Tæknitímar LHÍ</b>		<b>6</b>	<b>6</b>
<b>Fræðigreinar LHÍ</b>		<b>23</b>	<b>23</b>

3.önn	4. önn	1.önn	2.önn	3.önn	4. önn
-------	--------	-------	-------	-------	--------

3	3	3	3	3	3
1	1	1	1	1	1
1	1	1	1	1	1
1					
	1				
1					
	1				
		2	2		
				2	
		2	2		
1					
	1				
		1			
1	1				
			1		
				2	
					1
					1
		1	1	2	3
1	1	1	1	1	1
5	5	3	3	3	4

**90**

15	15	15	15	15	15
----	----	----	----	----	----



**Kirkjutónlistarnám í löndunum í kring**

Að lokum er hér til samanburðar örstutt yfirlit um hvernig námi í kirkjutónlist er hagað í löndunum í kring um okkur.

Í Danmörku er hægt að taka 3 ár (2-4) í PO próf (Preliminarorganist, sambærilegt við kirkjuorganistapróf hér) í kirkjutónlistarskóla (t.d. Lögum kloster) Fyrsta áfangapróf, eftir tvö ár, í Tónlistarháskólum gildir einnig sem PO próf. Heildarnám í kirkjutónlist í háskólum, t.d. í Konunglega tónlistarháskólanum í Kaupmannahöfn, tekur 5 ár og inntökukröfur eru miklar.

Í Svíþjóð er enn er hægt að taka Kantorspróf (þar er það minna prófið, hliðstætt kirkjuorganistaprófi hér) í örfáum lýðháskólum á tveim árum. Einnig er í boði sérstakt 80 eininga kantorsnám (tvö ár) í tónlistarháskólum. Kirkjumúsíknámið er annars 4 ár í heild, 160 einingar. Sumstaðar er í boði 2 ára konsertorganistanám til viðbótar, heildarnámstími verður því sex ár.

Í Noregi er í boði 1 ár (fullt nám) eða 2 ár (hlutanám) sem er 30 einingar við Norgesmusikkhøgskole. Inntökuskilyrði er góð almenn tónlistarmenntun. Þetta er væntanlega menntun hliðstæð við kirkjuorganistapróf hér. Annars er nám í kirkjutónlist 4 ár í kandidatstudium og 2 ár í framhald.

Tónlistarháskólar í Finnlandi eru með 4 ára nám (120 einingar) til BMus og tvö ár til viðbótar til Mmus (alls 180 einingar) Einnig er hægt að nema kirkjutónlist við Svenska Yrkehögskolen.

Í Þýskalandi er A-próf efsta stig kirkjutónlistarmenntunar, og tekur 5-6 ár, þar af 4 ár í B-próf. Bandaríkin eru með fjögurra ára BA og Bmus nám í kirkjutónlist og 2 ár til viðbótar til meistaraþráðu, oftast val um aðaláherslu á kórstjórn eða orgelleik.

*Maí 2006,*

*Kristinn Örn Kristinsson*